

## Sagan af Ullarvindli

### 1. Hvað hét konungsdóttirin í sögunni?

- Ása.
- Ingibjörg.
- Signý.

### 2. Hvar bjuggu Ullarvindill og foreldrar hans?

- Í garðshorni.
- Í konungshöllinni.
- Í sjónum.

### 3. Hvað þurfti sá að gera sem vildi kvænast dóttur konungs?

- Svara þremur gátum.
- Drepa dreka sem bjó þar nærri og fólki stóð ógn af.
- Fylla belg með orðum.

### 4. Hvers konar skæri sagði Ullarvindill að móðir sín ætti?

- Skæri sem klipptu sjálf.
- Skæri sem enginn sæi nema eigandinn.
- Skæri úr gulli.

### 5. Hvað vildi Ullarvindill fá fyrir nálina góðu?

- Hann vildi fá að sofa hjá kóngsdóttur.
- Hann vildi fá einn sekk af gulli.
- Hann vildi að kóngsdóttir giftist sér.

### 6. Hvað varð til þess að konungur ákvað að gefa Ullarvindli dóttur sína?

- Hann óttaðist að Ullarvindill mundi annars taka hana með valdi.
- Hann óttaðist að annars myndi dóttur sín pipra.
- Hann vildi koma í veg fyrir að Ullarvindill segði frá hvað hann hafði látið konung gera.

### 7. Hvernig er þessi saga flokkuð í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar?

- Sem galdrasaga.
- Sem kímisaga.
- Sem ævintýri.

### 8. Hvert eftirtalinna á við þessa sögu?

- Sagan er uppfull af alls kyns yfirnáttúrulegum viðburðum.
- Í sögunni koma fram hamskipti.
- Það er ekkert yfirnáttúrulegt í sögunni.

### 9. Hvaða orð notar drottning um Ullarvindil?

- Geit.
- Kind.
- Rýja.

## Helga Karlsdóttir

### 1. Hvaða töfragripur bjargaði Helgu úr klóm föðurins?

- gullhringur
- alur
- töfraspoti
- gullepli

### 2. Hvernig komst Helga að því að Herrauður hefði svikið hana?

- Það kom fram í draumi sem hana dreymdi
- Ókunnug kona bankaði upp á og sagði henni það
- Herrauður sagði henni það sjálfur
- Dvergurinn sagði henni það

### 3. Hvernig tókst Helgu að blekkja tröllskessuna?

- Með því að ráðfæra sig við dverginn
- Með því að ráðfæra sig við föðurinn
- Með því að setja skóna öfuga á sig
- Með því að liggja undir rúmi

### 4. Hvað varð til þess að dvergurinn og kona hans hjálpuðu Helgu?

- níska Helgu
- hugrekki Helgu
- einfeldni Helgu
- gjafmildi Helgu

### 5. Hvernig stóð á því að Helga gat fylgst með öllu sem tröllskessan gerði?

- Hún var í skikkju sem gerði hana ósýnilega
- Hún faldi sig bak við hurð
- Hún var með huliðshjál
- Hún var undir hjónarúminu

### 6. Hvaða mat át tröllskessan?

- mannakjöt og nautakjöt
- hrossakjöt og kindakjöt
- mannakjöt og hrossakjöt
- bjúgu og gúllas

### 7. Hvað hafði þursinn marga hausa?

- einn
- tvo
- þrjá
- fjóra

### 8. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt?

- Helga átti barn með dvergnum
- Herrauður átti son með fyrri konu sinni
- Helga og Herrauður áttu son fyrir hjónaband
- Helga og Herrauður voru barnlaus í lok sögunnar

## Tvær tilberasögur: Tilbúningur tilbera og Tilberar

### 1. Þrír eftirtaldir hlutir eru m.a. notaðir þegar tilberi er búinn til:

- mannsrif, hrossleggur, koparstykki úr kirkjuklukku
- mannsrif, hár af herðakambi á kind, koparstykki úr kirkjuklukku
- hrossleggur, messuvín, hár af herðakambi á nýrúinni kind
- messuvín, hár af herðakambi á nýrúinni kind, leggur af kind

### 2. Í fyrri tilberasögunni er svo að sjá sem tilberinn hafi...

- sögið mjólk úr brjóstum konunnar
- ekki þurft neina næringu
- sögið blóð úr konunni
- drukkið rjóma í búrinu

### 3. Tilberasmjör springur í smámola ef...

- konan setur messuvín í það
- konan fer í kirkjugarðinn
- það er snert á krossmessu
- gerður er kross í það

### 4. Tilberinn springur ef...

- hann kemst í tilberasmjör
- sýgur blóð úr læri konunnar
- prestur nær að klófesta hann
- hann er látinn tína öll lambaspörð á þremur fréttum

### 5. Samkvæmt seinni tilberasögunni hafði tilberi...

- kjaft á hvorum enda
- kjaft á öðrum enda
- þrjá hausa
- kross á miðjunni

### 6. Samkvæmt seinni sögunni gat tilberinn...

- sögið tvo spena í einu
- sögið fjóra spena í einu
- sögið einn spena í einu
- sögið þrjá spena í einu

### 7. Ef tilberi saug kú...

- hafði það lítil sem engin áhrif á hana
- varð hún næstum geld á eftir
- mjólkaði hún betur á eftir

**8. Tilberinn sem fannst inni á heiðum (afrétti)...**

- drapst á sömu stundu og ríka konan sem átti hann
- var lifandi
- mun ekki hafa þolað þrítöluna
- gerði tvær hrúgur af lambaspörðum áður en hann sprakk

**9. Orðið „forsending“ kemur fyrir í lok seinni sögunnar. Orðið merkir það sama og...**

- lífshættuleg sendiferð
- fyrirgjöf
- sendiferð inn á óbyggðir
- stutt ferð til vinar

## Af konu sem drýgði hórdóm við föður sinn

### 1. Hvers vegna vildi móðirin segja skilið við mann sinn og dóttur?

- Hún hafði komist að syndsamlegu lífverni þeirra
- Hún hafði kynnst öðrum manni
- Hún vildi fara í pílgrímsferð til landsins helga
- Hún vildi ganga í klaustur

### 2. Hvert hafði faðir stúlkunnar ætlað að fara rétt áður en hann dó?

- Í kirkju að hitta biskupinn
- Í gönguferð með dóttur sinni
- Í pílgrímsferð til landsins helga
- Í heimsókn til konu sinnar

### 3. Hvers vegna gengu stúlkurnar til kirkju?

- Þær ætluðu að tæla karla til ásta
- Þær ætluðu að hlusta á orð biskupsins
- Þær ætluðu að hugleiða stöðu sína í lífinu
- Þær ætluðu að syngja í kirkjukórnum

### 4. Hvaða sýn sá biskupinn þegar hann kom inn í kirkjuna?

- Hann sá Maríu mey
- Hann sá sjálfan Krist ganga inn kirkjugólfið
- Hann sá heilagan anda
- Hann sá konuna hlekkjaða og í fylgd með djöflum

### 5. Hvers vegna vildu viðskiptavinirnir ekki fylgja konunni út úr kirkjunni?

- Vegna þess að þeir voru vinir biskupsins
- Vegna þess að þetta var á hinum helga föstudegi
- Vegna þess að þeir áttu enga peninga
- Vegna þess að eiginkonur þeirra voru með þeim

# Karlsauðurinn í seknum

## 1. Hvern elskaði eiginkonan?

- Engan.
- Mann sinn.
- Vinnumanninn.

## 2. Hvern elskaði eiginmaðurinn?

- Konuna sína.
- Sig sjálfan.
- Vinnumanninn.

## 3. Vinnumaðurinn vildi hætta í vist hjá þeim hjónum....

- vegna ásóknar konunnar.
- vegna þess að hann fékk engin laun.
- vegna þess að bóndi trúði honum ekki.

## 4. Vinnumaðurinn kom með það ráð að bóndi...

- skyldi berja konuna til sagna.
- skyldi fara að heiman.
- skyldi látast vera dauður.

## 5. Orðið gírugur merkir...

- Gráðugur.
- Montinn.
- Hranalegur.

## „Ertu svona litur, heilagur andi?“

### 1. Annað orð yfir skírlífur er...

- Skírður.
- Hreinlífur.
- Strangtrúaður.

### 2. Orðið „svarri“ merkir...

- Dugnaðarforkur.
- Fagurkeri.
- Skass.

### 3. Hvað merkir „að gera léttahald úr einhverjum“?

- Að gera gys að einhverjum.
- Að neita einhverjum um mat.
- Að taka lítið mark á einhverjum.

### 4. Til hvers leitaði eiginmaðurinn vegna framferðis konunnar?

- Til biskupsins.
- Til djáknans.
- Til prestsins.

### 5. Hver lék heilaga andann í sögunni?

- Bóndi konunnar.
- Enginn, þetta var heilagur andi sjálfur.
- Djákninn.

### 6. Hvað merkir „að iðrast“?

- Að ganga örna sinna.
- Að fá iðrakveisu.
- Að sjá eftir einhverju.

## Ráð matsjúku hjónanna

### 1. Hvað merkir að vera „matsínkur“?

- Átvagl.
- Nískur á mat.
- Matvandur.

### 2. Hjónin í sögunni...

- voru bláfátæk.
- voru hvorki rík né fátæk.
- voru vellauðug.

### 3. Hvað gerði ríki maðurinn sér upp í fyrra skipti til að spara?

- Brjálsemi.
- Minnisleysi.
- Veikindi.

### 4. Hver drap bóndann?

- Draugur.
- Eiginkonan.
- Smiðurinn.

### 5. Af hverju var bóndinn drepinn?

- Viðkomandi hélt hann væri draugur.
- Viðkomandi vildi refsá honum.
- Skrattinn vildi fá hann strax.



## „Er hún feit?“

### 1. Hvers vegna var Sigurður hafður útundan?

- Af því að hann var yngstur
- Af því að faðir hans var þjófur
- Af því að hann var fátækur
- Af því að hann var lítill

### 2. Hve miklum peningum lofuðu skólapiltar Sigurði ef hann færi að sækja bækurnar?

- 180 dölum
- 190 dölum
- 10 dölum
- 100 dölum

### 3. Hver var þessi „hún“ í spurningu mannsins í sáluhliðinu?

- gamla konan
- kind
- kýr
- vinnukonan

### 4. Hvers vegna sagði Sigurður ekki frá áformum sauðþjófanna?

- Af því að hann var þagmælskur að eðlisfari
- Af því að hann var hræddur um að þeir myndu hefna sín á honum
- Af því að gamla konan bað hann um að segja engum frá
- Af því að hann vissi ekki að þetta voru sauðþjófar

## Póstferðin

### 1. Hvers vegna vildi bóndinn ekki að pósturinn færi til stúlkunnar?

- Hann vissi að pósturinn gæti ekki framfleytt þeim báðum vegna fátæktar
- Hann hélt að stúlkan væri með kynsjúkdóm
- Hann var hræddur um að hengirúmið mundi ekki þola álagið
- Hann var sjálfur hrifinn af stúlkunni

### 2. Lýst er uppgöngu á óvinaherskip (dreka). Hvað dreki er þetta?

- víkingaskip
- hengirúm
- skip frá dögum Rómverja
- hjónarúm

### 3. Hver er sigurvegari í orustunni um drekan?

- bóndinn
- pósturinn
- stúlkan
- skipstjórinn

# Magálssaga

## 1. Hvers vegna fór búskapurinn að ganga illa hjá föður stúlkunnar?

- Af því að dóttir bónda var löt
- Af því að vinnumaðurinn fór brott
- Af því að konan hans dó
- Af því að bóndi veiktist af illkynja sjúkdómi

## 2. Vinnumaður bónda...

- vann á við tvo
- vann á við þrjá
- vann á við fjóra
- vann illa

## 3. Orðið *magáll* merkir ...

- hangikjöt
- saltað svínakjöt
- reykt eða súrsuð slög (kviðvöðvar)
- reyktur áll

## 4. Hvaða loforð var stúlkan komin til að efna?

- Að hún hafði eitt sinn heitið honum ást sinni
- Að hún hafði heitið því að gefa honum magál
- Að hún hafði heitið honum því að gefa honum sumargjöf
- Hún hafði heitið honum að ná úr honum nískunni

# Getnaðarsaga

## 1. Hvers vegna vantaði annað eyrða á barnið?

- Af því að bóndinn hafði bara eitt eyra
- Af því að konan var heyrnarlaus
- Af því að grimmur hundur beit eyrað af barninu
- Af því að konan át ekki annan eyrugann á silunginum

## 2. Hver var bláklædda konan?

- Álfkona
- Galdrakona
- Tröllkona
- Kona af næsta bæ

## 3. Hvaða ráð gaf bláklædda konan húsfreyju?

- Hún sagði henni að hugsa vel um heilsuna
- Hún sagði henni að vera góð við bónda sinn
- Hún sagði henni að hlusta ekki á ásakanir bónda
- Hún sagði henni að éta silung

## Marbendill, sjóðvergur

### 1. Hvað sagði marbendill um konu bóndans? (Veljið þann möguleika sem kemst næst hinu sanna)

- Að hún væri látlaus
- Að hún væri lauslát
- Að hún væri með látalæti
- Að hún léki látbragðsleik

### 2. Hve lengi var marbendill hjá bónda?

- Eina nótt
- Þrjár nætur
- Einn vetur
- Þrjár vikur

### 3. Hvaða skilyrði setti marbendill bónda þegar bóndi bað um að fá að vita um orsakir hlátursins?

- Marbendill vildi láta flytja sig á þann stað þar sem hann hafði áður verið
- Marbendill vildi fá bestu skóna sem í boði voru
- Marbendill vildi fá konu bónda fyrir eiginkonu
- Marbendill setti eingin sérstök skilyrði

# Þá hló marbendill

## 1. Hvað var marbendill lengi hjá bónda?

- Þrjár nætur
- Þrjár vikur
- Eitt ár
- Þrjú ár

## 2. Hvað hló marbendill oft í þessari sögu?

- Einu sinni
- Tvisvar
- Þrisvar
- Fjórum sinnum

## 3. Hvað var það af ummælum marbendils sem bóndi gat sannprófað (þ.e. komist strax að með öruggri vissu?)

- Hann gat sannprófað tryggð hundsins
- Hann gat sannprófað sök húsfreyju
- Hann gat sannprófað hvort fé færi undir þúfunni
- Hann gat ekki sannprófað nein ummæli marbendils

## 4. Hver eftirfarandi ummæla eiga best við um þessa sögu?

- Þetta er ævintýri sem endar vel
- Þetta er draugasaga
- Þetta er dæmisaga um heimsku og takmarkanir mannsins
- Þetta er útilegumannasaga